



Hjálmarsmót Borðtennisdeildar KR 3. og 4. október 2026

Borðtennisdeild KR heldur Hjálmarsmótið helgina 3. og 4. október 2026 í Íþróttahúsi Hagaskóla.

Laugardagur 1. Blokk Hefst kl 14:00	Sunnudagur 2. Blokk Hefst kl 9:00	Sunnudagur 3. Blokk Hefst kl 14:00
Stelpur og strákar u16 (2011 eða fyrr)	Stelpur og strákar u12 (2015 eða fyrr)	Big Table tvíliðaleikur með forgjöf
Meistaraflokkur karla Elite	Byrjendaflokkur	
Meistaraflokkur kvenna Elite	Opinn Flokkur C (u 1500 stig)	
Karlar og konur 40 ára og eldri	Opinn Flokkur B (u 2000 stig)	

Fyrirkomulag keppni

- Keppa má í 3 flokkum alls, en þó einungis 1 flokki í hverri „blokk“.
- Ef of fáir skrá sig í einn flokk mun mótstjórn sameina flokka til þess að fá fleiri leiki.
 - Flokkar í 1. blokk hefjast á milli 14:00-16:00.
 - Flokkar í 2. blokk hefjast á milli 09:00-11:00.
 - 3. blokk hefst kl 14:00.
- Keppt verður í 3-5 manna riðlum í öllum flokkum þar sem efstu 2 fara áfram í beinan útslátt. Leiknar verða 3-5 lotur í öllum flokkum.

Skráning

Skráning fer fram í gegnum skráningarform KR. Skráningarformið má finna hér:

<https://forms.gle/TK7eiWbcQNXf2mGa7>

Ef skráningarformið gengur ekki má senda skráningu með tölvupósti á netfangið skuligunn8@hotmail.com og peturgun9@gmail.com. Í skráningu skal taka fram fullt nafn

keppanda, kennitölu, félag og skal taka skýrt fram í hvaða flokkum keppandinn vill keppa í, ásamt liðsfélaga í bigtable tvíliðaleiknum ef við á.

Skráningafrestur rennur út **miðvikudaginn 30. september kl 19:00.**

Röðun

Raðað verður í riðla fyrir mótið í Íþróttahúsi Hagaskóla miðvikudaginn 30. september kl 20:00. Raðað verður samkvæmt keppnisreglum BTÍ þar sem að lágmarki 4 leikmenn fá röðun í hverju flokki. Leikið verður með hvítum Stiga 3ja stjörnu plastkúlum.

Þátttökugjöld

- Meistaraflokkur Elite kr 4000,-
- Big Table með forgjöf kr 5000,- á lið
- Aðrir flokkar kr 3000,-

Greiða skal inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR við skráningu en annars í síðasta lagi **áður en keppni hefst á mótssstað,**

- Bankareikningur: 0137-26-008312,
- Kennitala 661191-1129.

Setjið í skýringu við greiðsluna fyrir hvaða leikmann greitt er. Sendið afrit á bordtennisdeildKR@gmail.com.

Verðlaun

Bikarar eða verðlaunapeningar verða veittir fyrir efstu fjögur sætin í hverjum flokki, nema í flokkum þar sem verða peningaverðlaun.

Í Meistaraflokki Elite fær

- 1. sæti kr 20.000,-
- 2. sæti kr 8.000,-
- 3.-4. sæti kr 4.000,-

Í Big Table tvíliðaleik með forgjöf þá fær

- Parið í 1. sæti kr 16.000,-
- Parið í 2. sæti kr 8.000,-

Verðlaunafé í öðrum fullorðinsflokkum veltur á skráningu.

Athugið að Meistaraflokkur Elite gefur stig fyrir 8 efstu sætin sem gilda inná lokamót BTÍ.

Mótstjórn:

Skúli Gunnarsson, gsm. 845 2585, skuligunn8@hotmail.com

Pétur Gunnarsson, gsm. 662 3949, peturgun9@gmail.com

Yfirdómari, Ársól Clara Arnardóttir.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Skúli Gunnarsson

Frekari útskýringar á ákveðnum flokkum:

- Varðandi Meistaraflokk elite flokkana
 - Öllum er heimilað þátttöku í þessum flokkum, það er ekki skylda að vera í meistaraflokki.
 - Efstu 4 skv styrkleikalista fara beint áfram í útsláttarkeppni, en það veltur þó á fjölda keppenda.

Fyrirkomulag og útskýring á bigtable tvíliðaleik með forgjöf:

- **Bigtable:**
 - 4 borðtennisborðum er komið saman, sem mynda þá eitt stórt borðtennisborð.
 - Skilrúm (grindur) eru notuð sem net.
 - Uppgjafareglur eru eins og í venjulegum tvíliðaleik.
 - Kúlan má skoppa ótakmarkað oft á þínum borðhelming.
 - Það **þarf** að skiptast á að slá kúluna eins og í venjulegum tvíliðaleik.
 - Í meðfylgjandi myndbandi má sjá hvernig bigtable lítur út
 - <https://www.youtube.com/watch?app=desktop&v=KxCy5irb3rE>
- Leikið verður í riðlum en fjöldi liða í riðli fer eftir skráningu.
- Tvö efstu tvíliðaleikspör hvers riðils fara upp úr riðlinum og leika þá í útsláttarkeppni fram að úrslitum.
- Til að vinna leik þarf að
 - **vinna 2 lotur** fram að undanúrslitum.
 - Í undanúrslitum og úrslitum þarf að **vinna 3 lotur**, en oddalota verður einungis leikin upp að 6 stigum.
- Báðir flokkar eru blandaðir, svo heimilt er að skrá til leiks tvíliðaleikspár sem samanstendur af tveimur einstaklingum af sama kyninu eða þá sitt hvoru kyninu.
- Forgjöfin fer eftir samtals stigamun á milli liða og verður eftirfarandi:
 - 0-200 stig: 0 stig
 - 201-300 stig: 1 stig
 - 301-400 stig: 2 stig
 - 401-600 stig: 3 stig
 - 601-1000 stig: 4 stig
 - 1001+ stig: 5 stig